

69. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 14. desember 2018 kl. 9:00 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt: Sigurgestur Guðlaugsson, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Ásgeir Eiríksson, Sigrún Ásta Elefsen, Ísak Ernir Kristinsson, Guðjón Skúlason, Brynhildur Kristjánsdóttir ásamt Berglind Kristinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Við höfum góða sögu að segja-Kynning á niðurstöðu skoðunarkönnunar. Kristján Hjálmarsson frá H & N.

Kristján og Ingvi kynntu niðurstöðu Gallup könnunar sem unnin var í tengslum við ímyndarverkefnið Góðar sögur. Niðurstaða verkefnisins er að vel hefur gengið, erum á réttri leið en þetta tekur tíma. Lögð er áhersla á að mikilvægt er að gefast ekki upp en Reykjanesið á mikið inni. Lagt er til að haldið verði áfram á sömu braut með að flytja jákvæðar fréttir af svæðinu auk þess að leggja áherslu á auglýsingar t.d. í samfélagsmiðlum og fjölmiðlum. Framkvæmdastjóra falið að senda heildarskýrslu út til fundarmanna.

2. Ársskýrsla Heklunnar 2018.

Lögð fram og samþykkt.

3. Drög að starfsáætlun 2019 Heklunnar og Markaðsstofu Reykjanes.

Framkvæmdastjóri Heklunnar kynnti starfsáætlun Heklunnar 2019 og verkefnastjóri MR fór yfir drög að starfsáætlun MR. Starfsáætlun Heklunnar samþykkt og framkvæmdastjóra falið að senda hana til Byggðastofnunar. Verkefnastjóra falið að senda drögin starfsáætlunar MR til stjórnar Heklunnar og MR.

4. Atvinnuleysistödlur.

Vinnuálastofnun hefur ekki birt nýjar upplýsingar, þar sem stutt er frá síðasta stjórnarfundum. Guðjón Skúlason sagði frá stöðu mála hjá APA.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 10:40.